

**Mál nr. 420/2019****M og  
V vegna ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns sem varð er innkaupakerrur rákust á bifreið M.****Gögn.**

Málskot mótttekið 10.12.2019 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Bréf V dags. 20.12.2019.

Tölvupóstar frá M, dags. 06.01.2020 og 13.01.2020.

**Málsatvik.**

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 15. september 2019 hafi M ekið framhjá verslun A þegar fjórar eða fimm innkaupakerrur hafi runnið frá inngangi verslunarinnar og út á akbraut þar sem þær hafi skolið á bifreið hennar með þeim afleiðingum að hún skemmdist. M hafi þegar í stað tilkynnt starfsmönnum A um atvikið og gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna þess enda telur M að aðbúnaður við verslun A sé óforsvaranlegur þar sem kerrur geti runnið þaðan óhindrað og út á akbraut. Sé eftirliti svo ábótavant að starfsmenn fyrirbyggji ekki að kerrur hrannist upp við inngang, en ekki verði séð að neinn hafi sinnt þeim starfa á þeim tíma sem tjónið átti sér stað, væri versluninni jafnframt í lófa lagið að hafa bremsubúnað á innkaupakerrum til að koma í veg fyrir að þær renni stjórnlaust. M telur að tjón hennar verði rakið til vanbúnaðar og vanrækslu A eða aðila sem A ber ábyrgð á.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ekki hafi verið sýnt fram á að A eða starfsfólk þess hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt geti til skaðabótaskyldu. Umræddan dag hafi starfsmaður A verið að störfum við að taka saman kerrur og skapa pláss í kerruskýli, og því hafi frágangi verið sinnt í samræmi við það sem krafa verði gerð um. Hafi fjórar eða fimm innkaupakerrur verið við inngang verslunarinnar verði það því rakið til vanrækslu viðskiptavina sem ekki hafi gengið réttilega frá þeim en ekki til A eða atvika sem A beri ábyrgð á. Er bótaskyldu því hafnað.

**Álit.**

Svo bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, váttryggðs. Gögn sem liggja fyrir nefndinni eru afar takmörkuð. Þannig liggja hvorki fyrir nefndinni yfirlýsingar hugsanlegra vitna né ljósmyndir er sýni aðstæður á þeim tíma er tjónið átti sér stað. Ekki hefur verið sýnt fram á annað en að við verslun A, eða aðliggjandi bifreiðastæði, sé kerruskýli þar sem geyma má kerrur með forsvaranlegum hætti. Þá hefur þeirri staðhæfingu V, um að þennan tiltekna dag hafi starfsmaður A sinnt því verkefni að taka saman kerrur og sjá um frágang þeirra, ekki verið hnekkkt. Án frekari gagna verður ekki dregin sú ályktun að það að nokkrar kerrur hafi safnast upp við inngang að A megi rekja til saknæms athafnaleysis af hálfu starfsmanna þess. Hefur því ekki verið sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu séu fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28. janúar 2020

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.